

Ár 2018, miðvikudaginn 21. nóvember, var í Félagsdómi í málinu nr. 6/2018

Alþýðusamband Íslands
fyrir hönd Félags vélstjóra og málmæknimanna
vegna Reinholds Richter
gegn
Samtökum atvinnulífsins
vegna Rio Tinto á Íslandi hf.

kveðinn upp svofelldur

d ó m u r:

Mál þetta var dómtekið 30. október sl.

Málið dæma Arnfríður Einarsdóttir, Guðni Á. Haraldsson, Ásmundur Helgason, Valgeir Pálsson og Lára V. Júlíusdóttir.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Félags vélstjóra og málmæknimanna, Stórhöfða 25, Reykjavík, vegna Reinholds Richter, Álakvísl 69, Reykjavík.

Stefndi er Samtök atvinnulífsins, Borgartúni 35, Reykjavík, vegna Rio Tinto á Íslandi hf., Straumsvík, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda

Stefnandi krefst þess aðallega að viðurkennt verði að stefnda beri, við útreikning launa Reinholds Richter, sem aðaltrúnaðarmanns, frá 20. mars 2018, að miða við launaflokk 11-555-08.

Til vara er þess krafist að viðurkennt verði að stefnda beri, við útreikning launa Reinhold Richter, sem aðaltrúnaðarmanns, frá 20. mars 2018, að miða við launaflokk 11-55-08.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Málavextir

Reinhold Richter er vélvirki og hóf störf sem slíkur hjá stefnda, Rio Tinto á Íslandi hf., á árinu 2000. Í málinu liggur frammi sveinsbréf Reinholds í stálvirkjasmíði, dagsett 8. júní 1989, og þá liggur fyrir að hann lauk framhaldsnámi í Stóriðjuskólanum 2006.

Reinhold var kjörinn aðaltrúnaðarmaður í mars 2018. Í bréfi Rio Tinto á Íslandi hf. til Reinholds 26. mars 2018 segir meðal annars:

„Við viljum hér með staðfesta tilfærslu þína í starfi. Frá 20. mars 2018 gegnir þú stöðu aðaltrúnaðarmanns ISAL. Launakjör þín verða samkvæmt gildandi samningi:

- 15 launaflokkur
- 15% flokkstjóraálag
- 5% námskeiðsauki
- 6,14 tímar í fasta yfirvinnu
- Auka fatapeningur 8.246 kr
- Vinnufyrirkomulagið þitt verður 2.5.15“

Í bréfinu er jafnframt vísað til þess að ráðningarskilmálarnir séu í samræmi við gildandi kjarasamning milli fyrirtækisins og hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Með bréfi Rafiðnaðarsambands Íslands til Rio Tinto á Íslandi hf., dagsettu 17. maí 2018, var vísað til framangreinds bréfs fyrirtækisins til Reinholds Richter og þess krafist að laun hans yrðu leiðrétt á þann hátt að hann nyti 8% álags á laun sín vegna sveinsprófsins frá því hann tók við stöðu aðaltrúnaðarmanns og jafnframt að honum yrði greitt í samræmi við að hann hefði lokið námi í Stóriðjuskólanum, svo sem hann hefði notið áður en hann hefði verið færður til í starfi og tekið við stöðu aðaltrúnaðarmanns. Stefnandi hafnaði kröfum stefnanda 5. júní sl. með þeim rökum að sveinsprófsálag ætti einungis við um störf iðnaðarmanna og að nám í Stóriðjuskólanum kæmi ekki til hækkunar á launum aðaltrúnaðarmanns sem væru skilgreind með tæmandi hætti í aðalkjarasamningi.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnandi kveðst byggja aðalkröfu sína á kjarasamnings milli Rio Tinto á Íslandi hf. (ISAL) og hlutaðeigandi stéttarfélaga, þ.e. Verkalýðsfélagsins Hlífar, VM Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, FIT Félags iðn- og tæknigreina, Rafiðnaðarsambands Íslands (vegna Félags íslenskra rafvirkja og Félags rafeindavirkja), VR og MATVÍS. Samningurinn beri með sér að Reinhold Richter eigi rétt á að fá greitt sveinsbréfsálag og námskeiðsauka fyrir nám sitt í Stóriðjuskólanum og af því leiði að hann eigi að fá greidd laun samkvæmt launaflokki 11-555-8. Stefnandi vísar til þess að kjarasamningar kveði á um kjarasamningsbundin kjör, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og 7. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Útreikningar stefnda á launum Reinholds séu því í andstöðu við gildandi kjarasamning og séu lægri en kjarasamningsbundin laun hans eigi að vera.

Krafa stefnanda byggist á því að Reinhold hafi átt rétt á því að fá greitt sem aðaltrúnaðarmaður samkvæmt 15. launaflokki og til viðbótar greiðslur fyrir að hafa sveinspróf eldra en fimm ára og vegna náms í Stóriðjuskólanum í samræmi við ákvæði kjarasamningsins. Stefndi geti ekki ákveðið einhliða að fella niður kjör Reinholds með vísan til stöðu hans sem aðaltrúnaðarmaður, enda sé ekki kveðið á um það í kjarasamningi að aðaltrúnaðarmaður geti hvorki notið sveinsbréfsálags né námskeiðsauka vegna náms í Stóriðjuskólanum.

Stefnandi vísar til greinar 3.5 í kjarasamningnum, sem fjalli um tilfærslu milli starfa, en þar komi fram að sé starfsmaður færður í starf sem er í lægri launaflokki, skuli hann halda fyrri launum eins og uppsagnarfrestur segi til um, nema slíkt sé gert með tilteknum fyrirvara. Séu starfsmenn færðir tímabundið til að annast störf eða hluta af störfum sem eru í hærri launaflokki eða utan þeirra, fái þeir laun samkvæmt honum á meðan eða samkvæmt 13. launaflokki, sé starfið utan launaflokka, sbr. þó grein 3.6, enda vinni þeir við þau störf að minnsta kosti hálfan vinnudag.

Í stefnu er vísað til þess að þegar Reinhold hafi ritað undir staðfestingu á tilfærslu hafi það ekki verið skilningur hans að laun hans myndu lækka, heldur að grunnlaun hans myndu hækka þar sem hann færi úr launaflokki 14 í launaflokk 15. Hefði hann aldrei fallist á að tilfærslan hefði í för með sér grunnlaunalækkun.

Stefndi byggir á því að túlka eigi kjarasamning aðila samkvæmt orðanna hljóðan en samkvæmt því sé ekkert sem komi í veg fyrir eða heimili stefnda að greiða Reinhold Richter ekki sveinsbréfsálag og námskeiðsauka. Honum beri að greiða laun samkvæmt launaflokki 555 sem sé 15. launaflokkur þar sem litið sé til framhaldsnáms í Stóriðjuskólanum. Samkvæmt kjarasamningnum haldi Reinhold áunnum réttindum, þótt hann hafi tekið við starfi aðaltrúnaðarmanns. Í staðfestingu stefnda á tilfærslu Reinholds í starfi komi ekkert fram um að litið verði framhjá námi hans í Stóriðjuskólanum og þann óskýrleika verði að túlka stefnda í óhag, enda hafi stefndi sjálfur útbúið skjalið. Hafi ætlunin verið að svipta starfsmann, sem kjörinn er aðaltrúnaðarmaður, réttindum beri jafnframt að túlka óskýrt orðalag í kjarasamningnum atvinnurekandanum í óhag.

Varakröfu sína byggir stefnandi á öllum sömu málástæðum og aðalkröfu að breyttu breytanda. Við skýringu kjarasamningsins beri jafnframt að líta til fyrri framkvæmdar og launagreiðslna fyrrverandi aðaltrúnaðarmanna hjá stefnda og hafi þær fordæmisgildi í þessu máli. Vísar stefnandi að þessu leyti til upplýsinga um launakjör tilgreindra tveggja fyrrverandi aðaltrúnaðarmanna.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur, einkum 1. gr. og 1. mgr. 5. gr., og um lögsögu Félagsdóms til 2. töluliðar 1. mgr. 44. gr. laganna, sem og laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, einkum 1. gr. Þá er vísað til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 til stuðnings viðurkenningarkröfum. Loks vísar

stefnandi um málskostnaðarkröfu sína til XXI. kafla laga nr. 91/1991, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður stefnda og lagarök

Stefndi bendir á að launakjör hjá ISAL taki mið af þeim störfum sem starfsmenn sinni. Röðun starfa sé tilgreind í fylgiskjali 2 með kjarasamningi aðila sem beri með sér að launaröðun sé miðuð við störf en ekki sem laun fyrir þá menntun eða einstaklingsbundnu hæfni sem starfsmenn búi yfir. Aðaltrúnaðarmaður sé kosinn úr hópi starfsmanna og séu starfssvið og skyldur hans þær sömu hver svo sem kjörinn sé til starfsins. Launaröðun aðaltrúnaðarmanns fari einnig eftir starfinu en ekki þeirri menntun sem viðkomandi starfsmaður hafi.

Stefndi mótmælir þeim málatilbúnaði stefnanda að vegna þess að ekki sé samið um að aðaltrúnaðarmaður geti ekki notið sveinsbréfsálags eða launaauka vegna náms í Stóriðjuskólanum skuli greiða honum fyrir þessi atriði. Það sé meginregla að kjarasamningur tiltaki þau atriði sem greiða skuli fyrir og því sé þessi túlkun stefnanda fráleit, enda sé ekki hægt að taka fram í kjarasamningi allt sem ekki beri að greiða starfsmanni. Laun aðaltrúnaðarmanns ráðist af skýrum kjarasamningsákvæðum sem túlka skuli samkvæmt orðanna hljóðan.

Stefndi vísar til þess að Stóriðjuskólinn hafi verið settur á laggirnar á sínum tíma til að styrkja starfsmenn í störfum sínum í framleiðsluhluta ISAL. Starf aðaltrúnaðarmanns falli ekki undir þær skilgreiningar sem lagðar séu til grundvallar í Stóriðjuskólanum og markmiðum hans, svo sem ráða megí af gögnum málsins. Þá sé framhaldsnám í Stóriðjuskólanum ætlað iðnaðarmönnum, sem starfi við iðn sína, en ljóst sé að þessi skilgreining eigi ekki við um aðaltrúnaðarmann. Þá liggi fyrir að framhaldsnámið taki til þeirra starfa sem iðnaðarmenn hjá stefnda og þeirra sem lokið hafi grunnnámi í stóriðjugreinum. Stefndi tekur fram að sá aðaltrúnaðarmaður, sem hafi gegnt því starfi á undan Reinhold, hafi lokið námi í Stóriðjuskólanum en ekki fengið það metið til launa í starfi sínu sem aðaltrúnaðarmaður.

Stefndi mótmælir fullyrðingu stefnanda um að Reinhold Richter hafi verið fluttur til í starfi og að ISAL hafi útbúið samkomulag um tilfærsluna. Hjá ISAL kjósi trúnaðarmenn sér aðaltrúnaðarmann úr hópi starfsmanna og hafi fyrirtækið ekkert um kjörið að segja. Jafnframt þurfi það að hlíta því að aðaltrúnaðarmaður hætti fyrra starfi sínu, án nokkurs fyrirvara, og taki við sem aðaltrúnaðarmaður. Ekki sé því um það að ræða að gert sé samkomulag um þetta fyrirkomulag, heldur sé þetta einhliða ákvörðun sem tekin sé í kjölfar kosningar aðaltrúnaðarmanns. Tilvísun í stefnu til greinar 3.5 í kjarasamningi aðila um tilfærslu í starfi eigi ekki við í málinu, enda hafi Reinhold ekki verið færður í annað starf. Hann hafi boðið sig fram til að gegna trúnaðarstörfum fyrir stéttarfélög starfsmanna og þeir hafi kosið hann til starfans. Þar komi vinnuveitendur hans hjá ISAL hvergi nærri.

Stefndi bendir á að heildarlaun Reinholds hafi hækkað við breytinguna og nemi hækkunin rúmum 13%. Stefnandi hafi ekki vísað til tiltekinna kjarasamningsákvæða til stuðnings kröfum sínum um greiðslu álags á laun vegna náms við Stóriðjuskólann og sveinsprófs, enda séu slík ákvæði ekki fyrir hendi í samningnum. Launasetning aðaltrúnaðarmanns sé hins vegar skýr í kjarasamningnum og eftir henni hafi verið farið í einu og öllu af hálfu ISAL.

Stefndi mótmælir því að launasetning nefndra fyrrverandi trúnaðarmanna hafi fordæmisgildi í málinu, enda hafi þar verið um að ræða einstaklingsbundna launaröðun. Kjarasamningar kveði á um lágmarkskjör og sé vinnuveitanda ekki heimilt að greiða starfsmönnum sínum lægri laun en þar sé kveðið á um. Vinnuveitandi geti hins vegar kosið að greiða einstökum starfsmönnum meira en kjarasamningar mæli fyrir um en það geti ekki haft fordæmisgildi gagnvart öðrum starfsmönnum.

Um lagarök vísar stefndi til almennra reglna samninga- og vinnuréttar, meginreglunnar um skuldbindingargildi samninga, laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Þá byggir stefndi jafnframt á ákvæðum áðurgreinds kjarasamnings. Málskostnaðarkröfu sína byggir stefndi á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, aðallega 130. og 131. gr.

Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvaða launakjara Reinhold Richter á að njóta í starfi sínu sem aðaltrúnaðarmaður hjá Rio Tinto á Íslandi hf. (ISAL). Í málinu liggur frammi kjarasamningur milli fyrirtækisins annars vegar og hlutaðeigandi stéttarfélaga, þ.e. Verkalýðsfélagsins Hlífar, VM Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, FIT Félags iðn- og tæknigreina, Rafiðnaðarsambands Íslands (vegna Félags íslenskra rafvirkja og Félags rafeindavirkja), VR og MATVÍS hins vegar. Samkvæmt grein 9.4 í kjarasamningnum gildir hann til 31. maí 2019.

Þriðji kafli kjarasamningsins fjallar um laun. Í grein 3.1.1 er grunnlaunum skipt í sjö launaflokka; launaflokk 11, 12/121, 122, 13, 14, 15 og 16, og fara þau stighækkandi eftir því sem launaflokkurinn er hærri. Samkvæmt grein 3.1.2 eru föst laun fundin með því bæta starfsaldurshækkun, fastri yfirvinnu og/eða vaktaálagi eftir því sem við á við grunnlaun. Í grein 3.1.3 kemur fram að regluleg laun séu aftur á móti föst laun að viðbættum ferðapeningum, námskeiðsauka, flokkstjórnarálagi, nýtingar- og gæðabónus, öryggis- og umgengnisbónus og ábyrgðarálagi þar sem það á við.

Í fylgiskjali 2 með kjarasamningnum er einstökum starfsheitum raðað í launaflokka. Þar er iðnaðarmönnum raðað í launaflokk 14 og aðaltrúnaðarmanni ásamt nokkrum starfsmönnum með sérstaka iðn- eða tæknimenntun í launaflokk 15.

Í grein 3.2 í kjarasamningnum, sem stefnandi styður kröfur sínar að hluta við, kemur fram að starfsmenn „sem sótt hafa námskeið sem gera þá hæfari til að gegna starfi sínu fá greiddan námskeiðsauka allt að 5% eins og nánar er lýst í gr. 7.16.3.“ Þá segir þar að námskeiðsaukinn greiðist á föst laun, ferðapeninga, yfirvinnu, kallvaktargreiðslur og flokkstjórnarálag. Samkvæmt grein 7.16.3 er gert ráð fyrir því að starfsmenn njóti þess í launum hafi þeir „lokið námskeiðum sem gera þá hæfari til að gegna starfi sínu“ og er þá bæði átt við „námskeið utan og innan fyrirtækisins“. Greiðist námskeiðsaukinn eftir klukkustundafjölda lokinna námskeiða. Þannig veiti 240 klukkustunda námskeið 4% námskeiðsauka og 300 klukkustunda námskeið 5% námskeiðsauka.

Grein 3.7 í kjarasamningnum ber yfirskriftina Starfsaldurshækkunar launa. Fjallað er um almennar starfsaldurshækkunar í grein 3.7.1. Í grein 3.7.2, sem stefnandi reisir kröfur sínar einnig á, segir orðrétt: „Iðnaðarmenn sem hafa 2 ára sveinsbréf eða eldra, þegar þeir hefja störf hjá ISAL, skulu eiga rétt á 5% hærri grunnlaunum en viðkomandi launaflokkur segir til um. Iðnaðarmenn sem hafa 5 ára sveinsbréf eða eldra, þegar þeir hefja störf hjá ISAL, skulu eiga rétt á 8% hærri grunnlaunum en viðkomandi launaflokkur segir til um. / Síðan eiga þeir rétt á starfsaldurshækkunum miðað við starfsaldur hjá ISAL, sem aðrir starfsmenn. / Þeir iðnaðarmenn sem ekki hafa 2 eða 5 ára sveinsbréf er þeir hefja störf hjá ISAL, skulu fá sömu launahækkun þegar tvö eða fimm ár eru liðin frá sveinsprófi, auk starfsaldurshækkana sem aðrir starfsmenn.“

Grein 7.11.2 í kjarasamningnum fjallar um laun aðaltrúnaðarmanns. Þar segir að þau „skuli vera eins og flokkstjóra samkvæmt 15. launaflokki ásamt hámarksnámskeiðsauka“. Um laun flokkstjóra segir í grein 3.6 í sama kjarasamningi að flokkstjórar skuli fá 15% flokkstjórnarálag á föst laun, ferðapeninga og yfirvinnu.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu launaseðla Reinholds Richters mánuðina fyrir og eftir að hann tók við starfi aðaltrúnaðarmanns. Launaseðlarnir bera það með sér að fyrir breytinguna hafi honum verið raðað í launaflokk 11-454-8 þar sem fremsta talan skírskotar til launatöflu, talan í miðjunni til launaflokks og síðasta talan til launabreps eftir starfsaldri. Eftir breytinguna hefur honum hins vegar verið raðað í launaflokk 11-15-8. Af launaseðlunum verður og ráðið að fyrir breytinguna hafi hann fengið greiddan námskeiðsauka sem nam 4% af þeim launaliðum sem tilgreindir eru í grein 3.2 eftir því sem við átti. Eftir breytinguna var námskeiðsaukinn hækkaður á launaseðlum Reinholds í 5% af sömu launaliðum.

Stefnandi hefur einnig lagt fram skjal með yfirskriftinni Mánaðarlaun – launataxtar frá 1. maí 2017. Þar er tafla sem sýnir laun „starfsfólks með iðnmenntun“ hjá fyrirtækinu. Þar taka launin breytingum samkvæmt launaflokkum annars vegar og launabrepum samkvæmt starfsaldri hins vegar. Í töflunni eru launabrepin átta og ber hún með sér að starfsmönnum er raðað í áttunda þrep eftir 10 ára starf. Launflokkarnir eru tólf, þ.e. 14, 24, 54, 15, 25, 55, 16, 414, 424, 454, 525 og 555. Af skýringum við töfluna og fjárhæðum sem þar koma fram verður ráðið að launaflokkar 24 og 54 svarar til launaflokks 14 í kjarasamningi með þeim

hækkunum sem leiða af grein 3.7.2 vegna tveggja og fimm ára sveinsbréfa. Á sama hátt svara launaflokkar 25 og 55 til launaflokks 15 í kjarasamningi með sömu hækkunum samkvæmt grein 3.7.2. Af skýringum og fjárhæðum í töflunni verður enn fremur ráðið að launaflokkar 414, 424 og 454 eru launaflokkar 14, 24 og 54 með 4% hækkun á laun iðnaðarmanna sem lokið hafa framhaldsnámi frá Stóriðjuskólanum. Þá svara launaflokkar 525 og 555 til launaflokka 25 og 55, sem eins og áður segir eru reistir á launaflokki 15, með sömu hækkun vegna framhaldsnáms í Stóriðjuskólanum.

Það er ágreiningslaust milli aðila að umrædd launatafla endurspeglar þá launaflokka sem lagðir eru til grundvallar við greiðslu launa til starfsmanna með iðnmenntun hjá ISAL, en þeir endurspeglast í framlögðum launaseðlum Reinholds.

Af framangreindu er ljóst að með því að raða Reinhold sem aðaltrúnaðarmanni í launaflokk 15 í stað 454, þar sem honum hafði áður verið raðað, hefur vinnuveitandi hans lagt til grundvallar að hann eigi ekki að njóta 8% hækkunar á grundvelli greinar 3.7.2 þó að hann sé iðnaðarmaður með fimm ára sveinsbréf. Með þeirri röðun fær hann heldur ekki þá 4% hækkun sem hann naut áður vegna framhaldsnáms í Stóriðjuskólanum.

Með aðalkröfu sinni leitar stefnandi viðurkenningar Félagsdóms á því að Reinhold Richter skuli sem aðaltrúnaðarmanni hjá ISAL raðað í launaflokk 555 eins og sá launaflokkur er skilgreindur í framangreindri töflu. Felur það í raun í sér að honum verði raðað í launaflokk 15 með fyrrgreindri 8% hækkun samkvæmt grein 3.7.2 í kjarasamningnum auk 4% hækkunar vegna framhaldsnáms í Stóriðjuskólanum.

Af framlögðum gögnum verður ráðið að Reinhold njóti sem aðaltrúnaðarmaður 5% hækkunar á föst laun og aðra tilgreinda launaliði vegna námskeiðsauka samkvæmt grein 3.2, sbr. grein 7.16.3 í kjarasamningnum, eins og launaseðlar hans bera með sér. Það er í samræmi við grein 7.11.2 þar sem kveðið er á um að aðaltrúnaðarmaður skuli njóta hámarksnámskeiðsauka. Réttur hans til frekari launahækkunar vegna framhaldsnáms í Stóriðjuskólanum verður ekki reistur á framangreindum ákvæðum kjarasamningsins um námskeiðsauka. Ekki verður séð að slíkar hækkanir launaflokka samkvæmt umræddri launatöflu séu reistar á kjarasamningi aðila. Ágreiningur um það hvort Reinhold eigi sem aðaltrúnaðarmaður að njóta þeirrar hækkunar verður því ekki leiddur til lykta með túlkun á framlögðum kjarasamningi heldur með því að ráða í hver séu einstaklingsbundin ráðningarkjör hans samkvæmt ráðningarsamningi við vinnuveitanda hans. Úrlausn um það á undir almenna dómstóla samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, en ekki Félagsdóm samkvæmt 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Eins og aðalkrafa stefnanda er úr garði gerð verður henni því vísað frá Félagsdómi.

Með varakröfu sinni krefst stefnandi viðurkenningar á því að raða beri Reinhold í launaflokk 55 samkvæmt framangreindri launatöflu. Krafan miðar þannig að því að fá viðurkenningu Félagsdóms á rétti hans til launa samkvæmt launaflokki 15 í kjarasamningi aðila með þeirri 8% hækkun grunnlauna vegna fimm ára sveinsbréfs er leiðir af grein 3.7.2 í

kjarasamningnum. Úrlausn þeirrar kröfu á undir Félagsdóm samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938.

Eins og fyrr greinir er mælt fyrir um laun aðaltrúnaðarmanns í grein 7.11.2. Skulu þau vera eins og flokkstjóra í 15. launaflokki, eins og þar segir. Flokkstjórar njóta 15% flokkstjórnarálags á föst laun, ferðapeninga og yfirvinnu, sbr. grein 3.6 í kjarasamningnum.

Skilja verður kjarasamninginn á þann veg að starfsaldurshækkanir samkvæmt grein 3.7 séu hluti fastra launa flokkstjóra, sbr. grein 3.1.2, þ.e. starfsaldurshækkanir sem mælt er fyrir um í grein 3.7.1 og að auki starfsaldurshækkanir samkvæmt grein 3.7.2 þegar í hlut eiga stafs menn sem undir það ákvæði falla. Samkvæmt síðargreinda ákvæðinu eiga flokkstjórar, sem eru iðnaðarmenn með fimm ára sveinsbréf, rétt á 8% hærri grunnlaunum en viðkomandi launaflokkur segir til um. Grein 7.11.2 verður að túlka til samræmis þannig að aðaltrúnaðarmaður, sem er iðnaðarmaður með fimm ára sveinsbréf, njóti sömu kjara og flokkstjóri í sömu stöðu. Enginn ágreiningur er um að Reinhold Richter er iðnaðarmaður með fimm ára sveinsbréf í skilningi greinar 3.7.2, eins og gögn málsins bera með sér. Af þessu leiðir að hann á sem aðaltrúnaðarmaður rétt á launum samkvæmt launaflokki 15 með 8% hækkun á grunnlaunum eins og hann krefst viðurkenningar á með varakröfu sinni. Ber því að fallast á þá kröfu stefnanda.

Í ljósi niðurstöðu málsins og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, verður stefnda gert að greiða stefnanda hluta málskostnaðar hans eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Aðalkröfu stefnanda, Alþýðusambands Íslands fyrir hönd Félags vélstjóra og málmtæknimanna vegna Reinholds Richter, er vísað frá dómi.

Viðurkennt er að stefnda, Rio Tinto á Íslandi hf., ber að miða við launaflokk 11-55-08 í kjarasamningi aðila við útreikning launa Reinholds Richter sem aðaltrúnaðarmanns frá 20. mars 2018.

Stefndi greiði stefnanda 250.000 krónur í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir

Ásmundur Helgason Guðni Á. Haraldsson

Valgeir Pálsson Lára V. Júlíusdóttir